

## Fundargerð 497

Fimmtudaginn 25. mars 2021 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar. Fundað var í gegnum fjarfundarbúnað. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Magnús B. Jónsson (MBJ) formaður, Gunnar Þorgeirsson (GP), Halldóra Kristín Hauksdóttir (HKH), Heiðbrá Ólafsdóttir (HÓ), Karl Björnsson (KB), María Hjálmarsdóttir (MaH) og Sigríður Jóhannesdóttir (SJ). Auk þeirra sátu fundinn; Aðalsteinn Þorsteinsson (AÞ) forstjóri, Arna G. Tryggvadóttir (AGT) löggiltur endurskoðandi PWC (við dagskrárliði 1-2), Arnar Már Elíasson (AME) forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Helga Harðardóttir (HH) löggiltur endurskoðandi KPMG (við dagskrárlið 2), Hrund Pétursdóttir (HP) umsjónarmaður áhættustýringar (við dagskrárliði 1-3), Hjalti Árnason (HÁ) forstöðumaður lögfræðisviðs, Sigríður Elín Þórðardóttir (SEP) forstöðumaður þróunarsviðs, Þorkell Stefánsson sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 9) og Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 10:00 og liggur eftirfarandi dagskrá fyrir fundinum:

1. Fundargerð síðasta fundar - til afgreiðslu
2. Ársreikningur 2020 og skýrsla innri endurskoðunar - til afgreiðslu
3. ICAAP skýrsla 2021 - til afgreiðslu
4. Lækkun verðtryggra vaxta - til afgreiðslu
5. Erindi Landssambands kúabænda - lagt fram
6. Endurnýjun samnings um Eyrarrósina - til afgreiðslu
7. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar
8. Samantekt um útlán ársins 2020 - til kynningar
9. Samanburður á orkukostnaði heimila 2020 - til kynningar
10. Staða rekstrar og verkefna skv. starfsáætlun - til kynningar
11. Ársfundur 2021 - til umræðu og kynningar
12. Önnur mál
13. Næsti fundur

Öll gögn sem vísað er til í fundargerðinni voru aðgengileg í fundargátt stofnunarinnar fyrir fundinn nema annað sé tekið fram.

### 1. Fundargerð síðasta fundar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur fundargerð síðasta fundar nr. 496.

Formaður bar upp fundargerðina og var hún samþykkt samhljóða.

### 2. Ársreikningur 2020 og skýrsla innri endurskoðanda - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggja eftirfarandi gögn:

- Ársreikningur Byggðastofnunar 2020
- Nánari sundurliðanir á ýmsum liðum ársreikningsins
- Endurskoðunarskýrsla Byggðastofnunar 2020
- Skýrsla innri endurskoðunar
- Skýrsla endurskoðunarnefndar Byggðastofnunar 2021
- Fundargerðir endurskoðunarnefndar nr. 57-62
- Staðfestingarbréf vegna ársreiknings 2020

AÐ hafði inngagn að reikningnum og fjallaði um rekstur ársins og þær áskoranir sem stofnunin stóð frammi fyrir á árinu. AGT fór síðan yfir ársreikninginn og áritun sína á reikninginn sem er án fyrirvara.

Tap ársins nam 61,8 m.kr. Eignir í lok árs námu 20.285 m.kr., skuldir voru 17.131 m.kr. og eigið fé 3.154 m.kr. Eiginfjárlutfall skv. lögum um fjármálafyrirtæki var 19,12%.

MH fór yfir ýmsar nánari sundurliðanir úr rekstri stofnunarinnar.

AGT fór einnig yfir endurskoðunarskýrslu sína þar sem fram komu helstu áherslur í endurskoðuninni.

HH fór yfir skýrslu inni endurskoðanda og viðbrögð stjórnenda við tillögum hennar.

SJ kynnti skýrslu endurskoðunarnefndar vegna ársins 2020 og starfsáætlun nefndarinnar á árinu.

Til máls tóku MBJ, KB, GP og SJ.

Formaður bar upp ársreikning Byggðastofnunar vegna ársins 2020 og var hann samþykktur samhljóða og síðan undirritaður rafrænt.

AGT og HH viku af fundi.

### **3. ICAAP skýrsla 2021 - til afgreiðslu**

Fyrir fundinum liggur ICAAP skýrsla ársins 2021 sem HP kynnti. Helstu niðurstöður eru að stofnunin er innan allflestra viðmiða sem sett eru í áhættustefnu stofnunarinnar. Í skýrslunni eru teiknaðar upp nokkrar hugsanlega sviðsmyndir vegna COVID-19 og áhrifa faraldursins á útlánasafn og innheimtur lána til aðila í ferðaþjónustu og tengdum greinum.

Til máls tóku GP, MBJ, MaH, SJ og AP.

AÐ upplýsti að tekið hefði verið á þessum sviðsmmyndum með því að upplýsa ráðuneyti stofnunarinnar um möguleg áhrif sem COVID-19 hefði haft á stofnunina og hugsanlega þyrfti ríkið sem eigandi að leggja stofnuninni til meira eigið fé.

Óskað var eftir því að sviðsmyndir yrðu uppfærðar með reglulegum hætti og kynntar fyrir stjórn.

Formaður bar upp ICAAP skýrslu 2021 til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða.

HP vék af fundi.

### **4. Lækkun verðtryggðra vaxta - til afgreiðslu**

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstjóra og forstöðumanna fyrirtækja- og rekstrarsviðs þar sem lagt er til að vextir verðtryggðra landbúnaðarlána lækki úr 4,8% í 4,5% frá og með 1. apríl 2021. Nánari rökstuðningi er lýst í ofangreindu minnisblaði.

AME og AÐ kynntu minnisblaðið.

Til máls tóku GP, HKH, MBJ og HÓ.

Rætt var um að skoða nánar lántökugjöld stofnunar.

Formaður bar upp ofangreinda tillögu og var hún samþykkt samhljóða.

## 5. Erindi Landssambands kúabænda - lagt fram

Fyrir fundinum liggur bréf frá Landssambandi kúabænda þar sem sambandið óskar eftir því að Byggðastofnun taki vaxtakjör sín til endurskoðunar ellegar samtali og skýringum á því hvers vegna vaxtakjör lána hjá Byggðastofnun hafi hækkað á sama tíma og stýrivextir lækka.

Stjórn felur forstjóra að svara bréfinu og senda stjórn afrit af svári til upplýsinga.

Formaður gerði matarhlé kl. 11:57. Fundur hófst aftur kl. 12:18.

## 6. Endurnýjun samnings um Eyrarrósina - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað um nýtt fyrirkomulag um afhendingu Eyrarrósarinnar sem AÞ fjallaði um. Kostnaður verður 3 milljónir kr. á ári og er helsta breytingin sú að Eyrarrósinn verði afhent á tveggja ára fresti í stað árlega hingað til.

Óskað er eftir heimild stjórnar til að skrifa undir nýjan samning milli Listahátíðar í Reykjavík, Icelandair og Byggðastofnunar.

Til máls tóku KB og GÞ.

Formaður bar upp tillögu um að stjórn heimili forstjóra að skrifa undir nýjan samning um Eyrarrósina og var það samþykkt samhljóða.

## 7. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar

Fyrir fundinum liggja fundargerðir lánanefndar nr. 7/21-11/21 auk korta sem sýna dreifingu útlána á árinu sem AME kynnti.

Til máls tóku MaH og GÞ.

## 8. Samantekt um útlán ársins 2020 - til kynningar

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstöðumanns fyrirtækjasviðs um útlán ársins 2020 sem AME kynnti.

Til máls tóku KB og MBJ.

Rætt var um lánaflokk til stafrænnar framþróunar.

## 9. Samanburður á orkukostnaði heimila 2020 - til kynningar

ÞS kom á fundinn undir þessum dagskrárlið og kynnti nýja skýrslu sem liggur fyrir fundinum auk mælaborðs um samanburð á orkukostnaði heimila á árinu 2020.

Til máls tóku MBJ, KB, GÞ og SJ.

ÞS vék af fundi.

## 10. Staða rekstrar og verkefna skv. starfsáætlun - til kynningar

Fyrir fundinum liggur yfirlit yfir stöðu rekstrar 28. febrúar og stöðu verkefna skv. starfsáætlun sem AÞ kynnti. Fjallaði hann um viðbrögð við nýjum sóttvarnartillögum, afhendingu landsstólpans, heimsóknir starfsmanna á austurlandi og funda sem þar voru haldnir.

Til máls tók MBJ.

## 11. Ársfundur 2021 - til umræðu og kynningar

AÞ upplýsti að ársfundurinn yrði haldinn að óbreyttu 6. maí nk. í Vík í Mýrdal. N4 væri að taka upp viðtöl við viðskiptavini og samstarfsaðila. Ef sóttvarnaraðgerðir leyfa ekki fund er gert ráð fyrir að erindi verði tekin upp og fundinum streymt.

Til máls tóku GÞ, SJ og MBJ.

## 12. Önnur mál

HÁ upplýsti að atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hefði nýlega úrskurðað vegna kæru Halldórs fiskvinnslu ehf. á úthlutun Byggðastofnunar á aflamarki á Bakkafirði þar sem úthlutun Byggðastofnunar var staðfest.

## 13. Næsti fundur

Næsti fundur verður haldinn í tengslum við ársfund.

Fleira ekki gert og sleit formaður fundi kl. 13:22.

Magnús Helgason fundarritari

---

---

---

---

---

---

---